

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík



Reykjavík 3. júní 2020

Efni: Frumvarp til fjárukalaga, mál nr. 841.

Hinn 26. maí sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til fjárukalaga, mál nr. 841. Frumvarpinu var vísað til fjárlaganefndar að 1. umræðu lokinni. Með tölvupósti 27. maí sl. óskaði nefndin eftir umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarpið. Efni frumvarpsins er tvíþætt. Í frumvarpinu er lagt til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta vegna vinnumarkaðsúrræða sem þegar hafa verið kynnt og leidd í lög, ásamt því að lagt er til að auka fjárheimildir vegna endurgreiðslna á kostnaði við kvikmyndagerð á Íslandi.

Samtals nema tillögur um auknar fjárheimildir tæpum 65,2 ma.kr. Hins vegar er í frumvarpinu lögð til heimild til handa ráðherra til að veita allt að 650 m.kr. framlag til Kríu og allt að 500 m.kr. framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vegna veitingar sérstakra mótframlagslána til sprotafyrirtækja sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Í fjárukalögum 2020 sem samþykkt voru á Alþingi 30. mars sl. mál nr. 695 var staðfest ráðstöfun allt að 3 ma.kr. til stuðnings við ferðaþjónustu. Helmingur fjármagnsins var ætlaður í að hvetja til ferðalaga innanlands með útgáfu gjafabréfs til allra íbúa 18 ára og eldri með íslenska kennitölu. Frumvarpið um ferðagjöfina er því að fullu fjármagnað.

SAF lögðu til í meðfylgjandi umsögn sinni um frumvarpið um ferðagjöfina, mál 839 að ferðagjöfin verði að lágmarki kr. 15.000.- per einstakling með þeim rökum að einstaklingar myndu ferðast lengra ásamt að verja meiri tíma og fjármagni í ferðalög. Ef fallist verður á þá breytingu í frumvarpinu þarf að verja 3 ma.kr. í ferðaþjónustuna í fyrirbyggjandi fjárukalögum. Þeir fjármunir þyrftu að vera eyrnamerkir til að hvetja til ferðalaga innanlands og hækka fjármagn til útgáfu gjafabréfs í 15.000 til allra íbúa 18 ára og eldri með íslenska kennitölu.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

*Jóhannes Þór Skúlason,
framkvæmdastjóri*